

Ár 2023, miðvikudaginn 1. mars, kl. 09:00 er dómþing áfrýjunardómstóls Knattspyrnusambands Íslands (KSÍ) háð á skrifstofu KSÍ í Laugardal, af Feldísi Lilju Óskarsdóttur (dómsformanni), Jóhannesi Albert Sævarssyni og Steinari Þór Guðgeirssyni.

Fyrir er tekið:

mál nr. 1/2023

Sigurður Gísli Bond Snorrason

gegn

Aga- og úrskurðarnefnd KSÍ

Í málinu er kveðinn upp svohljóðandi

dómur.

I.

Mál þetta dæma Feldís Lilja Óskarsdóttir, Jóhannes Albert Sævarsson og Steinar Þór Guðgeirsson.

Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ, var kveðinn upp föstudaginn 27. janúar 2023, þar sem fyrrum samningsleikmanni Aftureldingar, Sigurði Gísla Bond Snorrassyni var gert að sæta banni frá allri þátttöku í knattspyrnu keppnistímabilið 2023 frá 1. febrúar til 15. nóvember.

Áfrýjun úrskurðar aga- og úrskurðarnefndar barst skrifstofu KSÍ þann 1. febrúar 2023 þar sem Sigurður Gísli gerir eftirfarandi kröfur:

Aðallega er krafist að málinu verði vísað frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vegna formgalla og vanreifunar á kæru. Til *vara* er þess krafist að áfrýjanda verði ekki gerð refsing.

Til *þrautavara* er þess krafist að refsing skv. úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði stytt.

II.

Áfrýjandi er Sigurður Gísli Bond Snorrason, fyrrum samningsleikmaður Aftureldingar, sem leikur í Lengjudeild karla.

Málavextir eru raktir með eftirfarandi hætti í hinum áfrýjaða úrskurði:

„Á fundi aga- og úrskurðarnefndar KSÍ 4. janúar 2023 var tekin fyrir greinargerð sem framkvæmdastjóri KSÍ sendi til nefndarinnar þann 13. desember, skv. grein 19.2. laga KSÍ. Fram kemur í greinargerð framkvæmdastjóra að málið varði meint brot fyrrum samningsleikmanns Aftureldingar, Sigurðar Gísla Bond Snorrasonar (f. 17.03.1995) á grein 6.2. laga KSÍ, grein 4.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót og grein 1.d. staðalsamnings KSÍ í X. kafla reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga.

Meint brot sem vitnað er til í greinargerð framkvæmdastjóra er lýst með eftirfarandi hætti:

„*Fimmtudaginn 17. nóvember hafði starfsmaður heilindamála hjá UEFA samband við heilindafulltrúa KSÍ og óskaði leyfis til að tengja fulltrúa veðmálafyrirtækisins Pinnacle við KSÍ. Ástæðan var að við almenna vöktun veðmála hjá Pinnacle hafði vaknað grunur um að leikmaður á Íslandi, sem væri skráður sem virkur*

leikmaður hjá íslensku félagi í mótum á vegum KSÍ, væri að veðja á íslenska leiki, hjá eigin félagi jafnt sem aðra leiki í íslenskum mótum. Fulltrúi Pinnacle óskaði eftir staðfestingu frá KSÍ um það hvaða reglur væru í gildi og hvort viðkomandi leikmaður væri virkur leikmaður á Íslandi og þegar það var staðfest sendi Pinnacle skrifstofu KSÍ gögn um veðmál leikmannsins.

Gögnin sem Pinnacle sendi KSÍ sýna hundruð veðmála þessa einstaklings á leiki á Íslandi, í flestum deildum Íslandsmóts meistaraflakka karla og kvenna, í bikarkeppnum meistaraflakka karla og kvenna, og í 2. flokki. Mikill fjöldi veðmála er á leiki hjá ákveðnum félögum (Afturelding, ÍH, Augnablik, Dalvík/Reynir) en heilt yfir er nokkuð mikil dreifing og ekki hægt að koma auga á sérstakt mynstur annað en það sem er hér að framan. Þó er rétt að nefna 12 veðmál á stakan leik (Ísbjörninn – Hvíti riddarinn í 4. deild karla, tapað veðmál) og 10 veðmál á annan stakan leik (Dalvík/Reynir – Vængir Júpíters í 3. deild karla, unnið veðmál).

Á meðal leikjanna sem Sigurður Gísli Bond Snorrason veðjar á, skv. meðfylgjandi yfirliti frá Pinnacle, eru fimm leikir hjá hans eigin félagi/liði keppnistímabilið 2022 (mfl. karla Afturelding) og tók hann sjálfur þátt í fjórum þeirra. Í öllum þeim tilfellum veðjar hann á fjóra leiki saman í pakkaveðmáli. Veðmálið gengur út á að skoruð verði þrjú mörk eða fleiri í hverjum og einum af þeim fjórum leikjum. Til þess að veðmálið gangi upp þurfa s.s. að vera skoruð fleiri en þrjú mörk í hverjum og einum af þeim fjórum leikjum. Samkvæmt skýrslu virðast ekki vera sérstakar vísbendingar um hagræðingu úrslita, en KSÍ óskaði þó eftir álitum frá veðmálaeftirliti UEFA um einn af þeim fjórum leikjum. Sá leikur fór fram 2. september 2022 í Lengjudeild karla og var á milli Aftureldingar og Fylkis. Leikmaðurinn byrjaði leikinn og var tekinn út af í hálfleik í stöðunni 0-2 fyrir Fylki, sem urðu lokatölur leiksins. Niðurstöður álits UEFA eru að engar sérstakar vísbendingar séu um hagræðingu úrslita og mynstur veðmála í kringum leikinn metin edlileg.“

Með greinargerð framkvæmdastjóra fylgir yfirlit frá veðmálafyrirtækinu Pinnacle yfir veðmál leikmannsins á tímabilinu 23. júlí 2022 til 4. september 2022. Þá fylgir greinargerð framkvæmdastjóra afrit af samskiptum á milli skrifstofu KSÍ og við UEFA og Pinnacle vegna málsins í nóvember og desember 2022.

Í greinargerð framkvæmdastjóra KSÍ er vitnað til þess að skv. 40. gr. laga KSÍ geti viðurlögum við brotum á lögnum og reglugerðum KSÍ bæði verið beitt gagnvart félögum og/eða einstaklingum. Framkvæmdastjóri hafi því ákveðið í samræmi við grein 19.2. í lögum KSÍ að vísa meintu broti fyrrum samningsleikmanns Aftureldingar til aga- og úrskurðarnefndar KSÍ. Það sé ósk framkvæmdastjóra að nefndin taki málið til skoðunar og ákvarði hvort beita skuli viðurlögum gagnvart Sigurði Gísla í samræmi við 40. grein laga KSÍ, reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og/eða samkvæmt öðrum reglugerðum KSÍ.

Í samræmi við grein 4.1. í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er farið með mál vegna meintra brota á lögnum og reglugerðum KSÍ sem kærúmál. Greinargerð framkvæmdastjóra, ásamt fylgigögnum, var því send til Sigurðar Gísla Bond Snorrasonar og leikmanninum gefinn sjö daga frestur til að koma sjónarmiðum sínum í málinu á framfæri við nefndina. Afrit af greinargerð framkvæmdastjóra var send til knattspyrnudeildar Aftureldingar. Sjö daga frestur leikmanns var síðar framlengdur um viku til viðbótar eða til 28. desember 2022.“

Miðvikudaginn 2. febrúar sl. barst skrifstofu KSÍ tilkynning um áfrýjun frá Sigurði Gísla Snorrasyni á úrskurði aga- og úrskurðarnefndar sem kveðinn var upp 27. janúar 2023.

III.

Í greinargerð frá Sigurði Gísla Bond Snorrasyni vegna áfrýjunar til áfrýjunardómstóls kemur m.a. eftirfarandi fram:

Áfrýjandi gerir kröfu um frávísun sem byggir á því að óumdeilt sé að málið teljist svokallað „kærumál“ og sem slíkt gildi um það 6. gr. reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál. Í grein 6.2. í téðri reglugerð komi fram hvernig kæra til nefndarinnar skuli vera og hljóti að teljast óumdeilt að „Greinargerð“ varnaraðila uppfylli ekki þau skilyrði sem talin eru upp í grein 6.2.

Sérstaklega sé bent á að engin tilgreining sé varðandi kröfugerð né sé tæmandi tilvísun til þeirra laga- og reglugerðar sem byggt er á málinu. Í lok greinargerðar varnaraðila er að finna eftirfarandi setningu: „Það er ósk undirritaðrar að nefndin taki málið til „skoðunar“ (segir „umfjöllunar“ í upphafi greinargerðar) og ákvarði hvort beita skuli viðurlögum gagnvart Sigurði Gísla í samræmi við 40. grein laga KSÍ, reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál og/eða samkvæmt öðrum reglugerðum KSÍ.“

Þetta orðalag varnaraðila sé ansi opið og ekki í samræmi við grein 19.2 í lögum KSÍ sem vísað sé til, þar sem komi fram að framkv.stj. geti vísað málum til úrskurðar en ekki til „umfjöllunar“ eða „skoðunar“ líkt og fram kemur í greinargerð. Hlutverk nefndarinnar er því að úrskurða um hvort lög, reglugerðir eða leikreglur hafi verið brotnar og af því leiðir að liggja þarf fyrir með skýrum hætti hvaða greinar laga og/eða reglugerða eru til umfjöllunar. Hvoru tveggja, þ.e. tilgreining á kröfugerð og nákvæm tilvísun til þeirra laga og reglugerða sem byggt er á í málinu, eru algjör grundvallaratriði eigi áfrýjandi að geta tekið til fullnægjandi varna í málinu, m.a. að því er varðar hugsanleg viðurlög. Þá ættu sömu sjónarmið við ef aga- og úrskurðarnefndin ætti að fara eftir hlutverki sínu skv. lögum og reglugerðum KSÍ. KSÍ sé flaggskip í íslensku íþróttalífi og verður að gera kröfur til þess að málsmeðferð nefndarinnar sé í samræmi við lög og reglur, jafnvel auknar kröfur þegar sjálft knattspyrnusambandið sem setur umrædd lög og reglugerðir á í hlut. Annað gæti vakið upp áleitnar spurningar og eigi varnaraðili að fá einhvers konar afslátt eða undanþágu frá þeim formskilyrðum sem lög og reglugerðir KSÍ setja fyrir kæru til nefndarinnar er komið í óefni og hætta sé á að heilindi og trúverðugleiki knattspyrnuhreyfingarinnar skaðist, í það minnsta varðandi málsmeðferð agamál.

Í öðru lagi gerir varnaraðili kröfu um frávísun vegna vanreifunar. Byggir áfrýjandi á því að umtalsvert skorti upp á að hægt sé að átta sig á umfangi ætlaðra brota áfrýjanda. Í málinu sé lagt fram excel-skjal með lista yfir þá getraunaleiki sem áfrýjandi tók þátt í án þess að fyrir liggi nánari sundurliðun, svo sem hvort allir þeir getraunaleikir sem tilgreindir eru í skjalinu teljist brotlegir við lög/eða reglugerðir KSÍ og hvað teljist einn getraunaleikur. Það getur ekki verið lagt í hendurnar á nefndinni að bæði rannsaka og dæma í málinu. Vísast í því samhengi jafnframt til 1. tl. hér að framan hvernig varnaraðili leggi málið fyrir nefndina.

Það geti ekki talist fullnægjandi að varnaraðili, sem sé í yfirburðarstöðu gagnvart áfrýjanda, m.a. varðandi þekkingu á lögum og reglum KSÍ og með greiðan aðgang að lögfræðingum, leggi málið fyrir nefndina með þessum hætti, í þeim tilgangi að áfrýjanda verði gert að sæta þungri refsingu. Knattspyrnuhreyfingin hlýtur að gera meiri kröfur en svo til varnaraðila. Þó áfrýjandi geti að e-u leiti tekið til varna með almennum hætti eigi það ekki að leiða til þess að frávísunarkröfu sé sjálfkrafa hafnað.

Í þriðja lagi, verði ekki fallist á framangreind sjónarmið, gerir áfrýjandi kröfu um vægustu refsingu sem lög leyfa. Hér skal ítrekað að áfrýjandi hafi í raun ekki gert athugasemdir við þá getraunaleiki sem taldir eru upp í excel-skjalinu sem varnaðili hefur lagt fram. Eins og málið liggir

fyrir sé með öllu óljóst um hversu mörg tilvik sé að ræða þar sem áfrýjandi gæti hafa gerst brotlegur við lög og reglugerðir KSÍ með þátttöku sinni í getraunaleikjum og eigi áfrýjandi að njóta alls vafa varðandi slíkt.

Í málatilbúnaði varnaraðila er vísað til greinar 6.2. laga KSÍ og greinar 4.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót. Orðalag laga- og reglugerða KSÍ verði ekki skilið á annan veg en að áfrýjanda hafi einungis verið óheimilt að taka þátt í getraunaleikjum hjá sínu eigin liði (Aftureldingu) og eigin móti (1. deild karla). Af því leiði að fjöldi þeirra tilvika sem áfrýjandi gæti hafa gerst brotlegur við lög og/eða reglugerð KSÍ fækkar umtalsvert enda megnið af þeim getraunaleikjum sem taldir eru upp í excel-skjalinu ótengdir bæði hans eigin liði og móti.

Í greinargerð varnaraðila sé svo tilgreint ákvæði í staðalsamningi KSÍ, nánar tiltekið grein 1.d í X. kafla reglugerðar KSÍ um félagaskipti, samninga og stöðu leikmanna og félaga. Ákvæðið sé umtalsvert víðtækara heldur en lög- og reglugerðir KSÍ sem vísað er til í greinargerð varnaraðila. Það verði á hinn bóginn ekki byggt á tilgreindu ákvæði staðalsamnings KSÍ gagnvart áfrýjanda enda varnaraðili ekki aðili að þeim samningi og viðurlög við brotum á ákvæðinu talin upp með tæmandi hætti. Af framangreindu leiði að áfrýjanda verði ekki refsað né honum gerð viðurlög vegna annarra getraunaleikja en þeirra sem tengjast Aftureldingu og 1. deild karla, líkt og aga- og úrskurðarnefnd féllst á í úrskurði sínum.

Þá komi til skoðunar sé hvort getraunaleikur teljist hver stakur knattspyrnuleikur eða hvort svokallaður „sedill“ eins og er í boði hjá Íslenskri getspá („pakki“ er orðalag í greinargerð kæranda), þ.e. úrslit í tveimur eða fleiri knattspyrnuleikjum þurfi að ganga upp, teljist einn getraunaleikur. Hér væri eðlilegast að horfa til íslenskrar getspár sem tilgreinir „sedil“ sem einn getraunaleik. Slík skilgreining sem tæki mið að íslenskri getspá myndi fækka tilvikum áfrýjanda enn frekar.

IV.

Dómurinn hefur yfirfarið öll fyrirbyggjandi gögn málsins. Hinn áfrýjaði úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ var kveðinn upp þann 27. janúar 2023. Með honum var Sigurði Gísla Bond Snorrasyni gert að sæta banni frá allri þátttöku í knattspyrnu keppnistímabilið 2023 frá 1. febrúar til 15. nóvember. Taldi aga- og úrskurðarnefnd að áfrýjandi hafi gerst brotlegur gagnvart ákvæði laga KSÍ sem sé ætlað til að standa vörð um heilindi og háttvísi í knattspyrnuhreyfingunni. Samkvæmt úrskurði hafi áfrýjandi gerst brotlegur í a.m.k. fimm skipti á sex vikna tímabili. Um hafi verið að ræða brot áfrýjanda á grundvallarreglu sem séu alvarlegs eðlis, sér í lagi með tilliti til þess að veðmálin hafi lotið að leikjum sem áfrýjandi hafi sjálfur tekið þátt í.

Áfrýjandi krefst þess aðallega að málinu verði vísað frá aga- og úrskurðarnefnd KSÍ vegna formgalla og vanreifunar á kæru. Til vara krefst áfrýjandi þess að honum verði ekki gerð refsing. Til þrautavara krefst áfrýjandi þess að refsing skv. úrskurði aga- og úrskurðarnefndar KSÍ verði stytta.

Vegna frávísunarkröfu áfrýjanda tekur dómurinn undir sjónarmið í hinum áfrýjaða úrskurði. Meðferð málsins fyrir aga- og úrskurðarnefnd og nú áfrýjunardómstóli hefur miðað við almenna meðferð kærumála, skv. 1. mgr. 4. greinar og 6. greinar reglugerðar um aga- og úrskurðarmál. Kæra varnaraðila hafi byggt á heimild í 2. mgr. 19. greinar laga KSÍ. Það er mat dómsins að skýrlega liggi fyrir í umræddri greinargerð þau ákvæði sem til umfjöllunar eru í málinu og um leið hver viðurlög geti verið hafi einstaklingur gerst brotlegur gegn nefndum ákvæðum. Það geti ekki verið frávísunarástæða, að mati dómsins, þó notast hafi verið orð í greinargerð varnaraðila, svo sem að máli sé vísað til „skoðunar“ eða

„umfjöllunar“, þegar í málskoti varnaraðila er skýrlega vísað til heimildar í 2. mgr. 19. gr. laga KSÍ um að framkvæmdastjóri geti vísað brotum aðila til aga- og úrskurðarnefndar til úrskurðar. Þá er það mat dómsins að kröfugerð varnaraðila hafi verið skýr og fullnægi almennum kröfum við málsmeðferð fyrir aga- og úrskurðarnefnd og áfrýjunardómstóli samkvæmt lögum og reglugerðum KSÍ. Meint brot áfrýjanda séu nægilega tilgreind í greinargerð varnaraðila þó svo þar sé ekki gerð sérstök krafa um tiltekin viðurlög heldur vitnað til almennra viðurlagaheimilda. Að mati dómsins fellur það í hlut aga- og úrskurðarnefndar og eftir atvikum áfrýjunardómstóls að taka ákvörðun um viðurlög þegar við á, með vísan til kröfugerðar eða á grundvelli almennra viðurlagaheimilda í lögum og reglugerðum KSÍ, sbr. grein 31.3. laga KSÍ. Er kröfu áfrýjanda um frávísun í málinu því hafnað.

Dómurinn tekur næst til skoðunar meint brot áfrýjanda, fyrrum samningsleikmanns Aftureldingar í Lengjudeild karla, sem vísað er til í greinargerð varnaraðila og í úrskurði aga- og úrskurðarnefndar frá 27. janúar sl. Fyrir áfrýjunardómstóli gerir áfrýjandi kröfu um að honum verði ekki gerð refsing eða að refsing skv. nefndum úrskurði verði stýtt. Í áfrýjuðum úrskurði er vitnað til brota áfrýjanda gagnvart grein 6.2. laga KSÍ og grein 4.4. reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Grein 6.2. laga KSÍ er svohljóðandi:

Aðildarfélag skuldbindur sig til að vinna gegn ólöglegri veðmálastarfsemi og hagræðingu úrslita leikja. Aðilum sem falla undir lög þessi og taka þátt í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ er óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi, með beinum eða óbeinum hætti, í tengslum við eigin leiki og eigin mót. Bann þetta tekur einnig til miðlunar upplýsinga í þeim tilgangi að hafa áhrif á veðmál og fela í sér fjárhagslegan ávinning.

Að mati dómsins er ótvírætt að í grein 6.2. laga KSÍ sé aðilum sem falla undir lögum og taka þátt í knattspyrnuleikjum á vegum KSÍ meinað og beinlínis óheimilt að taka þátt í hvers konar veðmálastarfsemi, beint eða óbeint, í tengslum við eigin leiki og eigin mót. Í tilfelli leikmanns, þá er viðkomandi óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi í tengslum við leiki sem leikmaður er þátttakandi í. Þá sé leikmanni óheimilt að taka þátt í veðmálastarfsemi í tengslum við þau mót sem samningsfélag leikmanns eða það lið sem leikmaður er virkur leikmaður hjá er þátttakandi í. Með vísan til þessa þá er það mat dómsins að á því tímabili sem hér er til umfjöllunar, frá 23. júlí 2022 til 4. september 2022, þá nái grein 6.2. til knattspyrnuleikja áfrýjanda með Aftureldingu í Lengjudeild karla og annarra leikja sömu deildar og annarra keppna sem Afturelding var þátttakandi í á því tímabili. Grein 4.4. í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót er efnislega samhljóða nefndu ákvæði laga KSÍ og því ekki þörf á að fjalla um grein 4.4. sérstaklega.

Gerist leikmaður uppvís að broti gagnvart grein 6.2. laga KSÍ, þá tekur dómstóllinn undir sjónarmið í hinum áfrýjanda úrskurði að slíkt feli í sér brot á grundvallarreglu sem er alvarlegs eðlis. Þó verði dómurinn, með hliðsjón af dómi áfrýjunardómstóls KSÍ í máli nr. 1/2021, að gæta þess að sönnunarkröfur fyrir aga- og úrskurðarnefnd og eftir atvikum áfrýjunardómstóli sé uppfylltar við mat á sekt áfrýjanda í fyrirbyggjandi máli. Nánar tiltekið þurfi dómurinn að leggja mat á það hvort fullnægjandi líkur [comfortable satisfaction] séu á að áfrýjandi hafi gerst brotlegur við grein 6.2. laga KSÍ. Við sönnunarmat dómsins á meintum brotum er í fyrsta lagi horft til þess að áfrýjandi geri ekki athugasemdir við þá getraunaleiki sem taldir eru upp í fylgiskjali sem varnaraðili hefur lagt fram. Þá horfir dómurinn einnig til þess að áfrýjandi hafi ekki komið á framfæri sérstökum athugasemdum við né andmælt sérstaklega lýsingu á meintum brotum áfrýjanda í greinargerð varnaraðila. Í ofanálag bendi ekkert til þess í málinu að þau gögn sem veðmálafyrirtækið Pinnacle sendi til skrifstofu KSÍ gefi ranga mynd af málavöxtum.

Dómurinn telur, með hliðsjón af framangreindu og með vísan til forsendna í hinum kærða úrskurði, að fullnægjandi líkur séu á að áfrýjandi hafi á tímabilinu 23. júlí 2022 til 4. september 2022 sýnt af sér verknað sem falli undir það að vera þátttaka í veðmálastarfsemi í tengslum við eigin leik og eigin mót í skilningi greinar 6.2. laga KSÍ. Þykir dómnum ótvírætt að áfrýjandi hafi tekið þátt í a.m.k. fimm veðmálum í tengslum við eigin leiki og eigin mót keppnistímabilið 2022. Hafi áfrýjandi í fjögur þessara skipta sjálfur tekið þátt í umræddum leikjum með liði mfl. karla hjá Aftureldingu í Lengjudeild karla.

Þau viðurlög sem aga- og úrskurðarnefnd ákvað í úrskurði sínum frá 27. janúar sl. og byggja á 40. grein laga KSÍ, þykir dómnum hæfileg þegar mið er tekið af alvarleika brota leikmannsins. Með vísan til þess er úrskurður aga- og úrskurðarnefndar frá 27. ágúst 2022 um bann Sigurðar Gísla Bond Snorrasonar frá allri þátttöku í knattspyrnu keppnistímabilið 2023, þ.e. frá 1. febrúar til 15. nóvember, staðfestur.

Dómsorð:

Staðfestur er úrskurður aga- og úrskurðarnefndar um bann Sigurðar Gísla Bond Snorrasonar frá allri þátttöku í knattspyrnu keppnistímabilið 2023 frá 1. febrúar til 15. nóvember.

Feldís Lilja Óskarsdóttir [sign]

Jóhannes Albert Sævarsson [sign]

Steinar Þór Guðgeirsson [sign]